



FJÖLMIÐLANEFND

30. júní 2023
Álit nr. 1/2023

Viðskiptaboð fyrir nikótínvörur á RÚV

I. Málsvik

Fjölmiðlanefnd bærust áframsendar ábendingar frá Neytendastofu í mars 2023 þar sem vakin var athygli á því að á RÚV hefðu birst auglýsingar (viðskiptaboð) fyrir nikótínþúða frá versluninni Svens, sem er í eigu Svens ehf., í kringum Gettu betur, spurningakeppni framhaldsskólanna, í febrúar 2023 og eftir leik Íslands og Brasilú á heimsmeistaramóti karla í handbolta í janúar sama ár. Að mati þeirra sem sendu ábendingarnar var um að ræða auglýsingar fyrir nikótínvörur. Einnig vakti athygli að viðskiptaboð frá Svens birtust í kringum úrslitavöld Söngvakeppinnar á RÚV í mars 2023.

II. Málsmeðferð og sjónarmið málsaðila

1.

Í kjölfar ábendinganna óskaði Fjölmiðlanefnd þann 9. mars 2023 eftir upplýsingum og sjónarmiðum Ríkisútvarpsins ohf. (Ríkisútvarpið) vegna ætlaðra brota gegn 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 (lög um fjölmiðla) um bann við viðskiptaboðum fyrir nikótínvörur. Í erindi Fjölmiðlanefndar var jafnframt óskað eftir afriti af öllum viðskiptaboðum frá Svens sem birst höfðu á miðlum Ríkisútvarpsins frá áramótum. Var þess óskað að svör Ríkisútvarpsins og umbeðin afrit bærust eigi síðar en 17. mars 2023.

Með tölvupósti dags. 17. mars 2023 bærust svör við erindi Fjölmiðlanefndar frá Ríkisútvarpinu. Í svarerindinu kom fram að skilningur Ríkisútvarpsins á 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla væri sá að heimilt væri að auglýsa sölustaði nikótínþúða, hvort sem um væri að ræða sérvöruverslanir sem



FJÖLMIÐLANEFND

selja eingöngu slíkar vörur eða aðra sölustaði. Sá skilningur ætti sér m.a. stoð í umsögn Fjölmiðlanefndar til Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 87/2018, um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur (nikótínvörur). Svens væri sérvorslun fyrir nikótínvörur sem setti svigrúmi löggjafans þegar kæmi að hömlum á auglýsingar ákveðnar skorður. Í því samhengi vísaði Ríkisútvarpið til hliðsjónar til dóms Hæstaréttar nr. 220/2005 um Tóbaksverslunina Björk. Allar takmarkanir bæri því að skýra þröngt.

Afrit af umbeðnum viðskiptaboðum frá Svens bárust frá Ríkisútvarpinu sama dag. Um var að ræða 10 viðskiptaboð: tvær skjáauglýsingar, með annars vegar mynd af teiknuðu persónunni Sven þar sem kemur fram heiti Svens og slagorð og hins vegar mynd af korti með staðsetningu verslana Svens á höfuðborgarsvæðinu og í Reykjanesbæ; þrjár stuttar auglýsingar fyrir vefverslun Svens til birtinga í útvarpi og fimm auglýsingar fyrir Svens til birtinga í sjónvarpi.

Af þeim afritum sem bárust af sjónvarpsauglýsingum fyrir Svens voru tvær þeirra birtar á RÚV í kringum heimsmeistaramót karla í handbolta í janúar 2023. Voru auglýsingarnar nánast eins og sýndu teiknuðu persónuna Sven, sem er í flestu kynningarefni frá Svens, á handboltavelli með annars vegar tvo handbolta hvorn í sinni hendi og hins vegar skilti með orðunum „Áfram Ísland“, þar sem „Á“ er skrifað „Ä“ og eru punktarnir í öðrum lit. Um stuttar auglýsingar var að ræða, 10 sekúndur hvor, og birtust vörumerki Svens og slagorð í lok þeirra. Á eftir heitinu „Svens“ í vörumerkinu kom hvítur punktur en heitið sjálf var með gulu letri. Í slagorðinu, „Alltaf sanngjarn, alltaf bra“, voru tvö „a“ með tveimur punktum fyrir ofan („ä“) en punktarnir tveir voru gulir og hringlaga en annað letur hvítt. Hinar auglýsingarnar sem birtar voru á RÚV voru vísanir til gamallar auglýsingar fyrir iPod/iTunes frá fyrirtækinu Apple og Apple vörukynningar með Sven í hlutverki Steve Jobs, fyrrverandi forstjóra Apple. Var sú síðarnefnda birt í tveimur útgáfum (23 sekúndur og 13 sekúndur) og sú fyrrnefnda í einni útgáfu (10 sekúndur að lengd).

Í þeirri auglýsingu sem líkist gamalli auglýsingu fyrir iPod/iTunes frá Apple má sjá skuggamynd af persónunni Sven dansa undir rokkónlist með hvítt, hringlaga form í hendi, sem minnir á nikótínþúðadós. Jafnframt sést í hvítar „tennur“ Sven. Textinn „10.000 koddar í vasanum“ birtist undir og auglýsingin endar á orðunum „Svens.is, vefverslun“. Í auglýsingunni sem vísar til vörukynningar frá Apple gengur persónan Sven, í hlutverki Steve Jobs, inn á svið undir dynjandi lófataki og kynnir vefverslun Svens. Þar fer Sven í gegnum vefsverslun Svens í síma og í tölvu en hún er eftirmynd hinnar raunverulegu vefverslunar fyrir utan það að engin vörumerki sjást og allar nikótínþúðadósir í vefversluninni eru hvítar. Í auglýsingunni má greina heiti sumra vörumerkja nikótínvaranna og sést eitt þeirra mjög greinilega. Aftur er Sven með hvítar „tennur“. Auglýsingin endar á dansandi skuggamynd af Sven með hvítt, hringlaga form í hendi, líkt og í iPod/iTunes



FJÖLMIÐLANEFND

auglýsingunni, og orðunum „Svens.is“ ásamt slagorði verslunarinnar. Punktur í heiti vefverslunarinnar og slagorðinu eru í öðrum lit en letrið í kring, líkt og í auglýsingunum sem birtust í kringum heimsmeistaramót karla í handbolta.

2.

Svör Ríkisútvarpsins voru lögð fyrir Fjölmiðlanefnd á fundi hennar dags. 20. mars 2023 ásamt afritum af auglýsingunum. Að mati nefndarinnar báru auglýsingarnar merki þess að ekki væri einungis verið að auglýsa sölustaði, sem heimilt er, heldur nikótínvörur. Var samþykkt að málið yrði unnið áfram.

Málið var aftur til umræðu á fundi Fjölmiðlanefndar dags. 27. apríl 2023. Var samþykkt að gefa út frummat og veita Ríkisútvarpinu færi á að koma á framfæri frekari sjónarmiðum vegna ætlaðra brota á reglum um bann við viðskiptaboðum fyrir nikótínvörur. Við vinnslu frummatins var ákveðið að óska einnig eftir sjónarmiðum vegna verndar barna gegn viðskiptaboðum og öðru efni sem getur haft skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna, sbr. 1. mgr. 28. gr. og 38. gr. laga um fjölmiðla.

3.

Frummat Fjölmiðlanefndar í málinu var sent Ríkisútvarpinu með erindi dags. 12. maí 2023. Í því fór Fjölmiðlanefnd yfir helstu málsatvik og lagasjónarmið sem máli skiptu við mat á því hvort Ríkisútvarpið hafi brotið gegn 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla. Kom fram að viðskiptaboð frá Svens á RÚV, sem voru vísun til annars vegar gamallar auglýsingar fyrir iPod/iTunes frá Apple og hins vegar vörukynningar Apple (lengri og styttri útgáfa), teldust til viðskiptaboða fyrir nikótínvörur að mati nefndarinnar. Með miðlun þeirra hafi Ríkisútvarpið þar með gerst brotlegt við þann hluta 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla sem bannar viðskiptaboð fyrir nikótínvörur. Fram kom að Fjölmiðlanefnd vildi veita Ríkisútvarpinu færi á því að koma á framfæri frekari sjónarmiðum sem kynnu að skipta máli við mat á því hvort brotið hefði verið gegn 4. mgr. 37. gr.

Varðandi önnur viðskiptaboð frá Svens var sérstaklega óskað eftir frekari sjónarmiðum vegna þeirra, þ.e. skjáauglýsingarnar, útvarpsauglýsingarnar og þær auglýsingar sem birtust á RÚV í kringum heimsmeistaramót karla í handbolta, áður en komist yrði að niðurstöðu í þeim tilvikum um hugsanleg brot gegn 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla.



FJÖLMIÐLANEFND

Eins og fyrr greinir var jafnframt óskað eftir sjónarmiðum vegna verndar barna gegn viðskiptaboðum og öðru efni sem getur haft skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna, sbr. 1. mgr. 28. gr. og 38. gr. laga um fjölmiðla, vegna miðlunar viðskiptaboða frá Svens. Að lokum var óskað eftir nýjum afritum af útvarpsauglýsingum frá Svens sem birst höfðu á miðlum Ríkisútvarpsins þar sem tvö af þremur afritum sem send voru 17. mars 2023 reyndust skemmd.

Bent var á í frummatinu að niðurstaða Fjölmiðlanefndar fæli í sér frummat nefndarinnar en ekki endanlega afstöðu hennar til þess hvort Ríkisútvarpið hefði brotið gegn framangreindum ákvæðum. Þær ályktanir sem settar væru fram kynnu að breytast ef athugasemdir og skýringar Ríkisútvarpsins gæfu tilefni til þess. Var þess óskað að athugasemdir og sjónarmið Ríkisútvarpsins bærust nefndinni eigi síðar en 23. maí 2023.

4.

Svör Ríkisútvarpsins við frummati Fjölmiðlanefndar bárust 31. maí 2023 eftir að veittur hafði verið framlengdur frestur til svara. Í svarerindinu var erindi nefndarinnar rakið og ítrekuð þau sjónarmið Ríkisútvarpsins að heimilt væri að auglýsa sölustaði nikótínþúða. Líkt og í fyrra svarerindi dags. 17. mars 2023 var vísað til umsagnar Fjölmiðlanefndar til Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 87/2018, um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur (nikótínvörur), og þess að Svens væri sérverslun fyrir nikótínvörur sem setti svigrúmi löggjafans þegar kæmi að hömlum á auglýsingar ákveðnar skorður, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar nr. 220/2005 um Tóbaksverslunina Björk. Ríkisútvarpinu væri kunnugt um að afstaða Svens ehf. væri sú að eingöngu væri verið að auglýsa sölustaði nikótínvara en ekki vörunar sjálfar. Var vísað til sjónarmiða Svens ehf. gagnvart Neytendastofu en afrit af erindum milli þeirra aðila voru meðfylgjandi svarerindi Ríkisútvarpsins til Fjölmiðlanefndar. Taldi Ríkisútvarpið eðlilegt að þeim sjónarmiðum sem þar kæmu fram yrði gefin sérstakur gaumur. Taldi Ríkisútvarpið Fjölmiðlanefnd í raun skylt að leita sérstaklega eftir sjónarmiðum Svens við úrlausn málsins, sbr. ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og meginreglur stjórnsýsluréttar, í stað þess að óska eftir sjónarmiðum Ríkisútvarpsins vegna inntaks umræddra auglýsinga og ætlaðra hugrenningaráhrifa. Ef fallist yrði á „meginforsendur“ frumrats Fjölmiðlanefndar varðaði úrlausn málsins gagnert hagsmuni Svens og því eðlilegt að fyrirtækinu yrði gefinn kostur á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri, sbr. andmælaeðglur stjórnsýslulaga og stjórnsýsluréttar og aðildarhugtak stjórnsýsluréttar. Þetta ætti einnig við að mati Ríkisútvarpsins um þau sjónarmið Fjölmiðlanefndar að teiknimyndapersónunni



FJÖLMIÐLANEFND

Sven væri ætlað að höfða til barna og ungmenna og að tölur um neyslu nikótínþúða bendi til þess að markhópur Svens ehf. væri einmitt sá hópur. Taldi Ríkisútvarpið ályktanir Fjölmiðlanefndar hæpnar í þessu samhengi, m.a. í ljósi þess sem fram kæmi í einu erindi Svens ehf. til Neytendastofu um að strangar reglur giltu innanhúss hjá fyrirtækinu um bann við sölu á nikótínvörum til ungmenna undir 18 ára aldri. Vísaði Ríkisútvarpið í því samhengi einnig til aldurstakmarka 7. gr. laga nr. 87/2018 um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur. Að mati Ríkisútvarpsins fælist í raun í forsendum erindis Fjölmiðlanefndar að markaðssetning Svens ehf. beindist að börnum, þvert á lögboðin aldursmörk. Fyrir slíkri ályktun yrði að vera mjög traustur grunnur sem Ríkisútvarpið fengi ekki ráðið af gögnum málsins að væri fyrir hendi.

Hvað varðaði önnur viðskiptaboð en frummat Fjölmiðlanefndar tók sérstaklega til ættu fyrrgreind sjónarmið einnig við að mati Ríkisútvarpsins. Þau viðskiptaboð fælu ekki í sér sérstaka skírskotun til nikótínþúða, líkt og Fjölmiðlanefnd teldi eiga við þau viðskiptaboð sem sérstaklega væru tiltekin í frummatinu. Áskildi Ríkisútvarpið sér þann rétt að koma á framfæri ítarlegri sjónarmiðum vegna þeirra viðskiptaboða ef frekari umfjöllun nefndarinnar gæfi tilefni til þess.

Með vísan til alls framangreinds taldi Ríkisútvarpið ekki tilefni til sekta í málinu, enda fjarri lagi að um augljóst brot á lögum væri að ræða, þ. á m. „brotavilja“ af hálfu Ríkisútvarpsins. Málið væri í raun fordæmisgefandi, sbr. einnig meðalhöfsreglur stjórnsýslulaga og stjórnsýsluréttar og þá verndarhagsmuni sem byggju að baki stjórnvaldssektum og álagningu þeirra. Að lokum benti Ríkisútvarpið á að auglýsingar frá Svens hefðu birst í öllum helstu fjölmiðlum landsins um langa hríð athugasemdalaust. Gengi Ríkisútvarpið út frá að miðlar þess væru ekki þeir einu sem væru teknir „út fyrir sviga“, sbr. einnig jafnræðisreglur stjórnsýslulaga og stjórnsýsluréttar.

5.

Svör Ríkisútvarpsins við frummati Fjölmiðlanefndar voru lögð fyrir nefndina á fundi hennar dags. 22. júní 2023. Var samþykkt að birta álit í málinu á grundvelli 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla og með vísan til 5. mgr. 54. gr. laganna.



FJÖLMIÐLANEFND

III. Niðurstaða Fjölmiðlanefndar

1.

Hugtakið viðskiptaboð er skýrt í 43. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla. Þar segir að viðskiptaboð séu texti, myndir og/eða hljóð sem er ætlað að vekja, beint eða óbeint, athygli á vörum, þjónustu eða ímynd lögaðila eða einstaklings sem stundar atvinnustarfsemi og er miðlað gegn greiðslu eða öðru endurgjaldi eða til kynningar í eigin þágu. Til viðskiptaboða teljast m.a. auglýsingar, kostun og vöruinnsetning. Með öðru endurgjaldi er t.d. átt við það þegar greitt er fyrir viðskiptaboð með vörunni sjálfri eða þjónustu.

Í 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla er að finna ákvæði um bann við miðlun tiltekinna viðskiptaboða í fjölmiðlum. Þar segir m.a. í 1. málsl. að viðskiptaboð og fjarkaup fyrir nikótínvörur séu óheimil. Var orðinu „nikótínvörur“ bætt við upptalningu ákvæðisins með lögum nr. 56/2022 um breytingu á lögum um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur nr. 87/2018 (nikótínvörur), sem tóku gildi í júlí 2022. Með nikótínvöru er átt við vöru „sem inniheldur nikótín, hvort sem nikótínið er unnið úr tóbaki eða ekki, og varan inniheldur að öðru leyti ekki efni sem unnin eru úr tóbaki, t.d. nikótínþúði, en er ekki til innöndunar“, sbr. 3. tölul. 3. gr. laga um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur nr. 87/2018. Dæmi um nikótínvörur eru tóbakslausir nikótínþúðar. Þrátt fyrir að viðskiptaboð fyrir nikótínvörur séu óheimil samkvæmt 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla eru viðskiptaboð fyrir sölustaði slíkra vara leyfileg, eins og Fjölmiðlanefnd benti á í umsögn sinni um frumvarp til áðurnefndra breytingalaga.¹

2.

Eins og áður hefur komið fram bárust Fjölmiðlanefnd afrit af viðskiptaboðum frá Svens sem birst höfðu á miðlum RÚV frá 1. janúar 2023. Að mati nefndarinnar teljast þau viðskiptaboð sem voru vísun til annars vegar gamallar auglýsingar fyrir iPod/iTunes frá Apple og hins vegar vörukynningar frá Apple (lengri og styttri útgáfa) til viðskiptaboða fyrir nikótínvörur.

Í þeirri fyrrnefndu sést skuggamynd af persónunni Sven dansa með hvítt, hringlaga form í hendi. Formið hefur augljósa skírskotun til nikótínþúðadósa að mati Fjölmiðlanefndar og er notað í flestum auglýsingum frá Svens í ólíku samhengi. Einnig sést í hvítar „tennur“ Sven en þær ná

¹ Umsögn Fjölmiðlanefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 87/2018, um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur (nikótínvörur), 450. mál.



FJÖLMIÐLANEFND

aðeins yfir sama svæði efri góms persónunnar eins og nikótínþúði gerir undir vörum neytenda. Form og lögun „tannanna“ skírskotar til nikótínþúða að mati nefndarinnar, en þúðarnir eru stuttir, aflangir og hvítir að lit. Áhersla er því lögð á nikótínvöruna sjálfa að mati Fjölmiðlanefndar og eru sterk hugrenningatengsl við vörunar til staðar þó ekki sjáist beint í vörur eða vörumerki. Í auglýsingunni birtist einnig textinn „10.000 koddar í vasanum“ en nikótínþúðar eru oft kallaðir „koddar“ eða „þúðar“ í daglegu tali.

Í seinni auglýsingunni, sem birtist bæði í lengri og styttri útgáfu á RÚV, kynnir persónan Sven, í hlutverki Steve Jobs, nýja vefverslun Svens. Boðar Sven „byltingu“ og fer hann með áhorfendur í gegnum vefverslunina í síma og í tölvu í stuttu máli. Vefverslunin sem sýnd er í auglýsingunni er eftirmynd hinnar raunverulegu vefverslunar Svens.is fyrir utan það að engin vörumerki sjást og allar nikótínþúðadósir eru hvítar að lit. Hins vegar má greina heiti sumra nikótínvaranna og sést eitt þeirra mjög greinilega. Sven sýnir einnig hvítar „tennur“, sem hafa skírskotun til nikótínþúða líkt og áður kom fram varðandi fyrrnefndu auglýsinguna. Í lok auglýsingarinnar birtist dansandi skuggamynd af Sven með hvítt, hringlaga form í hendi, og hvítar „tennur“ líkt og í iPod/iTunes auglýsingunni, og „Svens.is“ ásamt slagorði verslunarinnar kemur á skjáinn. Punktur í heiti vefverslunarinnar og slagorðinu eru í öðrum lit en letrið í kring. Áhersla er lögð á form punktana og skírskota þeir til nikótínþúðadósa að mati Fjölmiðlanefndar.

Að mati Fjölmiðlanefndar eru fyrrgreind viðskiptaboð ekki innan þeirra marka sem lög um fjölmiðla leyfa. Getur nefndin ekki tekið undir þau sjónarmið Ríkisútvarpsins að einungis sé verið að auglýsa sölustaði nikótínvara. Viðskiptaboð þar sem vísað er til nikótínvara og/eða vörumerkja, sýnd meðferð þeirra eða neysla, eða gefið í skyn með öðrum hætti að átt sé við nikótínvörur, hvort sem það er gert beint eða óbeint, teljast til viðskiptaboða fyrir nikótínvörur að mati nefndarinnar og eru þar með óheimil. Að öðrum kosti myndi bann við viðskiptaboðum fyrir nikótínvörur ekki þjóna tilgangi sínum.

3.

Eitt af meginverkefnum Fjölmiðlanefndar er vernd barna. Skal nefndin stuðla að því að vernd barna sé virt samkvæmt fyrirmælum laga um fjölmiðla, sbr. 1. mgr. 10. gr. laganna. Gildir þetta m.a. um vernd þeirra gegn viðskiptaboðum og öðru efni sem getur haft skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna, sbr. 1. mgr. 28. gr. og 38. gr. laga um fjölmiðla. Þrátt fyrir að heilsufarsleg áhrif nikótínþúða séu ekki með öllu þekkt getur notkun nikótíns haft neikvæð áhrif á þroska heilans hjá börnum og ungmönnum, einkum á þau svæði



FJÖLMIÐLANEFND

heilans sem stýra einbeitingu, skapi, hvatastjórnun o.fl., sbr. það sem segir í umsögn embættis landlæknis um frumvarp til laga nr. 56/2022 um breytingu á lögum um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur nr. 87/2018 (nikótínvörur).² Jafnframt er ljóst að það eru helst ungmenni sem nota nikótínþúða og hefur neyslan aukist umtalsvert undanfarin ár.³ Vernd barna og ungmenna gegn óheimilum viðskiptaboðum fyrir nikótínvörur í fjölmiðlum er mikilvægur þáttur í því að sporna gegn aukinni notkun.

4.

Fram hefur komið við meðferð málsins að Ríkisútvarpið telji Fjölmiðlanefnd í raun skylt að leita sérstaklega eftir sjónarmiðum Svens ehf. við úrlausn málsins, sbr. ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og meginreglur stjórnsýsluréttar, í stað þess að óska eftir sjónarmiðum Ríkisútvarpsins um inntak umræddra auglýsinga.

Fjölmiðlanefnd hefur aðeins heimild til að leggja stjórnvaldssektir á fjölmiðlaveitur, m.a. vegna brota gegn VI. kafla laga um fjölmiðla, þar með talið 4. mgr. 37. gr., sbr. n-lið 1. mgr. 54. gr. laganna. Fjölmiðlaveitur bera því ábyrgð á því að viðskiptaboð sem þær birta á miðlum sínum séu í samræmi við lög um fjölmiðla. Sú ábyrgð verður ekki færð yfir á aðra en lögin ná til eða þeir látnir svara fyrir ætluð brot fjölmiðlaveitu á lögum um fjölmiðla.

Fyrir liggur að viðskiptaboð fyrir nikótínvörur eru óheimil og að þau viðskiptaboð sem um ræðir í máli þessu stafa frá aðila sem rekur sérverslanir með slíkar vörur. Eðli máls samkvæmt hvílir ríkari aðgæsluskylda á fjölmiðlaveitum við sölu viðskiptaboða sem hafa skýra tengingu við vörutegundir sem óheimilt er að auglýsa í fjölmiðlum.

² *Umsögn embættis landlæknis um frumvarp til laga um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur (nikótínvörur), mál 450.*

³ *Talnbrunnur – Fréttabréf landlæknis um heilbrigðisupplýsingar. Áfengis- og tóbaksnotkun 2022 – Vöktun áhrifaþátta.* Embætti landlæknis febrúar 2023, bls. 5.

Lýðheilsa framhaldsskólanema. Niðurstöður rannsókna meðal framhaldsskólanema á Íslandi í nóvember 2021.

Heildarniðurstöður. Rannsóknir og greining 2022, bls. 12.

Íslenska æskulýðsrannsóknin. Niðurstöður fyrir 6., 8. og 10 bekk. Landstölur – Vor 2022. 2. hluti – Netsamskipti & tölvuleikir, kynheilsa og áfengi & fíkniefni. Menntavísindastofnun Háskóla Íslands 2022, bls. 28.



FJÖLMIÐLANEFND

5.

Með vísan til framangreinds er það niðurstaða Fjölmiðlanefndar að viðskiptaboð frá Svens á RÚV, sem voru vísun til annars vegar gamallar auglýsingar fyrir iPod/iTunes frá Apple og hins vegar vörukynningar Apple (lengri og styttri útgáfa), teljist til viðskiptaboða fyrir nikótínvörur og að með miðlun þeirra hafi Ríkisútvarpið þar með gerst brotlegt við þann hluta 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla sem bannar viðskiptaboð fyrir nikótínvörur.

Samkvæmt n-lið 1. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla leggur Fjölmiðlanefnd stjórnvaldssektir á fjölmiðlaveitur vegna brota á ákvæðum í VI. kafla laga um fjölmiðla, þar með talið 4. mgr. 37. gr. Með fjölmiðlaveitu er átt við einstakling eða lögaðila sem starfrækir fjölmiðil, sbr. 15. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla. Samkvæmt 4. mgr. 54. gr. laganna geta sektir numið allt að 10 millj. kr. Við ákvörðun sektar skal m.a. tekið tillit til alvarleika brots og tekna fjölmiðlaveitu af broti þegar það á við. Falla má frá sektarákvörðun teljist brot óverulegt eða af öðrum ástæðum er ekki talin þörf á beitingu sekta, sbr. 1. málsl. 5. mgr. 54. gr.

Með vísan til 1. málsl. 5. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla hefur Fjölmiðlanefnd ákveðið að falla frá sektarákvörðun í málinu. Við þá ákvörðun var tekið mið af því að Ríkisútvarpið hefur ekki áður brotið gegn lögum um fjölmiðla með miðlun viðskiptaboða fyrir nikótínvörur. Jafnframt var til þess lítið að ekki hefur áður reynt á bann við viðskiptaboðum fyrir nikótínvörur, enda um nýlegar reglur að ræða, og atvika máls að öðru leyti.



FJÖLMIÐLANEFND

IV. Álitsorð

Álit Fjölmiðlanefndar er að Ríkisútvarpið ohf. hafi með miðlun viðskiptaboða á RÚV fyrir nikótínvörur brotið gegn 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 um bann við viðskiptaboðum fyrir nikótínvörur.

Með vísan til 1. másl. 5. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 er fallið frá stjórnvaldssekt í máli þessu.

Einar Hugí Bjarnason

María Rún Bjarnadóttir

Erla Skúladóttir

Róbert H. Haraldsson